

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík 22. desember 2021

Efni: Viðbótarumsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2022. mál nr. 3.

Samtök ferðaþjónustunnar vilja að gefnu tilefni koma á framfæri ábendingu til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að tillögur sem lúta að endursölu vistvænna ökutækja og eru [nánar skýrðar í viðbótarumsögn BGS, SAF og SVP](#), eru með öllu ótengdar þeim tillögum sem snúa að hámarki skráðra vistvænna ökutækja sem njóta niðurfellingar skv. bráðabirgðaákvæði XXIV.

Um er að ræða réttlætismál og sem dæmi má nefna 4 milljón króna bíl í eigu ökutækjaleigu sem verður fyrir svo miklu tjóni að tryggingafélag þarf að kaupa hann. Ökutækjaleigan fær 4 milljónir við sölu en þarf að skila 775.000 í útskatt af sölunni, sem er hreint tap. Munar um slíkt þegar bílarnir eru margir. Einstaklingur eða fyrirtæki sem ekki rekur bíla í virðisaukaskattsumhverfi og lendir í sömu aðstæðum þarf ekki greiða virðisaukaskatt.

Óskað er eftir að nefndin taki þetta til skoðunar og bregðist við áður en fjárlög verða samþykkt fyrir áramót.

Virðingarfyllt

*Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri SAF*